Reglugjörð

10

29. febr.

um viðurværi skipshafna á íslenzkum fiskiskipum.

Á íslenzkum skipum, sem ganga til þorskveiða við strendur landsins, skal til *málamatar* úthluta hverjum manni til hverrar viku:

5 pd. af *skonroki*, eða í þess stað
6 pd. af *rúgbrauði*,
1½ pd. af *smjöri eða smjörlíki*,
½ pd. af *kandissykri*,
½ pd. af *púðursykri* (í tevatn),
¼ pd. af *kaffibaunum*,
8 kvint af *kaffibæti*,
6 kvint af *telaufi*.

Auk þess skulu skipverjar fá soðinn fisk til mála eptir þörfum, þegar nýr fiskur er til, og jarðepli, ¾ pd. á mann, að minnsta kosti fjórum sinnum á viku. Þegar jarðepli eru eigi til, skal koma í þeirra stað 2 pd. af skonroki eða 3 pd. af rúgbrauði.

Til *miðdegisverðar* skal auk hins framantalda hafa eldaðan mat sem hjer segir á viku hverri:

2 daga góðar baunir með ½ pd. á mann af nýju kjöti eða söltuðu, ef nýtt kjöt fæst eigi.
2 daga graut, annan daginn úr bankabyggi en hinn úr hrísgrjónum.
2 daga kjötsúpu með nýju kjöti, eða ef það er eigi til, þá saltkjöti, er sje ½ pd. á mann, vegið hrátt.
1 dag fiskisúpu með nýjum fiski, bætta á vanalegan hátt, eða saltfisk með jarðeplum, þegar nýr fiskur er ekki til.

Fisk til málamatar og miðdegisverðar skal taka af trosfiski óskiptu.

Graut, baunir, súpu, og fisk skal gefa eptir þörfum, púðursykur með grautum og fiskisúpu, ¼ pd. á mann um vikuna, og hæfilega mikið af ediki.

Allur vistaforði skipsins skal við byrjun ferðar vera óskemmdur, hollur og vel með farinn, og skal hann vera svo ríflega til tekinn, að ekki geti komið til þess, að neitt vanti af því, sem tiltekið er, á þeim tíma, sem ráð er fyrir gjört að skipið verði úti.

Trjeílát, sem neyzluvatn er geymt í, skulu jafnan vera brennd að innan, að öðrum kosti verður að sía vatnið og hreinsa, áður en þess er neytt.

Það skal vera á valdi skipstjóra, að draga af og gjöra breytingar á ofangreindu matarræði, ef hann álítur þess þörf sökum þess, að útlit sje fyrir, að útivistartími skipsins verði af óvæntum ástæðum lengri en til var ætlað, svo að matarskort geti að höndum borið, eða einhverja tegund þrjóti.

Enginn af skipverjum getur heimtað meiri mat, en hann sjálfur neytir, nje endurgjald fyrir það, er hann kann að neyta minna en til er tekið í framanskráðri reglugjörð.

Með reglugjörð þessari, sem öðlast gildi 14. dag marzmán. 1896, eru felld úr gildi fyrirmæli reglugjörðar um viðurværi skipshafna á íslenzkum skip-

10 29. febr. um frá 20. desbr. 1890, að því er snertir viðurværi á skipum, sem ganga til þorskveiða við strendur landsins.

Reykjavík, 29. febrúar 1896. Landshöfðinginn yfir Íslandi.

Magnús Stephensen.

Hannes Hafstein.

11 3. jan. **Brjef landshöfðingja** *til beggja amtmanna* **um gjöf frá C. V. R. Lotz til ýmsra styrktarsjóða á Íslandi.** (Ágrip). Með brjefum þessum var amtmönnum skýrt frá, að greiddar hefðu verið í aðal-fjehirzlu 20,000 krónur, sem C. V. R. Lotz, skrifari í Kaupmannahöfn, með arfleiðsluskrá, dags. 4. nóv. 1889, hefði ánafnað eptirnefndum 4 sjóðum á Íslandi, sem hafa það verksvið að styrkja ekkjur og börn drukknaðra sjómanna:

1. Fiskimannasjóði Kjalarnesþinga 5000 kr.
2. Styrktarsjóði handa ekkjum og börnum Ísfirðinga þeirra, er í sjó drukkna, 5000 kr.
3. Styrktarsjóði handa ekkjum sjódrukknaðra manna og börnum þeirra í Fljótum og Siglufirði 5000 krónur.
4. Styrktarsjóði handa ekkjum sjódrukknaðra manna í Grýtubakkahreppi 5000 krónur.

Var amtmönnum tilkynnt, að stjórnarnefndum tjeðra sjóða mundu verða útborgaðar hinar ánöfnuðu upphæðir úr jarðabókarsjóði, þegar þær ljeti vitja þeirra, og færðu nægilegar sönnur á heimild sína. Þó var útborgunin til hins síðast nefnda sjóðs bundin því skilyrði, að skýrslur væri sendar um fjárhag sjóðsins og konungleg staðfesting fengin á skipulagsskrá hans.

Ákvörðunin í arfleiðsluskrá C. V. R. Lotz er svo hljóðandi:

Jeg undirskrifaður C. V. R. Lotz ákveð hjer með það er hjer á eptir fer, sem minn síðasta vilja:

. . . . . .

. . . . . .

§ 7.

Til þess að styrkja ekkjur og börn drukknaðra fiskimanna á Íslandi skal verja 20,000 króna upphæð, sem greiða skal eptirnefndum 4 styrktarsjóðum, sem til eru á Íslandi, hverjum 5000 krónur.

Styrktarsjóðirnir eru þessir:

a. Styrktarsjóður fyrir ekkjur og börn drukknaðra manna í Kjalarnesþingum, formaður bæjarfógeti H. Daníelsson.
b. Styrktarsjóður fyrir ekkjur og börn sjódrukknaðra manna í Ísafjarðarsýslu, formaður bæjarfógeti Sk. Thoroddsen.
c. Styrktarsjóður fyrir ekkjur og börn drukknaðra manna við Eyjafjörð, formaður fyrv. alþingismaður Einar Ásmundsson.
d. Styrktarsjóður fyrir ekkjur og börn drukknaðra manna í Fljótum og Siglufirði, formaður fyrv. alþingismaður Einar Ásmundsson.

. . . . . .

. . . . . .

Kaupmannahöfn 4. nóv. 1889.

C. V. R. Lotz.